



Tónlistarskóli Borgarfjarðar

Borgarbraut 23 – 310 Borgarnes – Sími: 433 7190 – Netfang: [tonlistarskoli@borgarbyggd.is](mailto:tonlistarskoli@borgarbyggd.is)

# Skólanámskrá



**Skólanámskrá Tónlistarskóla Borgarfjarðar**

## **Efnisyfirlit**

<i>Formáli.....</i>	<i>3</i>
<i>Um skólann.....</i>	<i>4</i>
<i>Húsnæði.....</i>	<i>4</i>
<i>Hlutverk og markmið.....</i>	<i>5</i>
<i>Innritun og skólagjöld.....</i>	<i>6</i>
<i>Námsskipan.....</i>	<i>6</i>
<i>Próf og námsmat.....</i>	<i>8</i>
<i>Hljóðfæri og nótnasafn.....</i>	<i>8</i>
<i>Tónleikar og tónfundir.....</i>	<i>9</i>
<i>Orðsendingar.....</i>	<i>9</i>
<i>Foreldraviðtöl.....</i>	<i>9</i>
<i>Nokkrar skólareglur.....</i>	<i>10</i>

## **Formáli**

*Í skólanámskrá Tónlistarskóla Borgarfjarðar er að finna flest það er lýtur að skipulagi, uppbyggingu, námi og kennslu skólans.*

*Hlutverk skólanámskrár er að veita upplýsingar og yfirsýn, auðvelda endurmat áætlana, tryggja sem best tónlistaruppeldi og stuðla með því að árangursríku skólastarfi.*

*Skólanámskráin er unnin af skólastjóra, yfirfarin og endurskoðuð af kennurum skólans. Hún er endurskoðuð reglulega.*

*Skólanámskráin er ætluð kennurum og nemendum Tónlistarskóla Borgarfjarðar, foreldrum / forráðamönnum, rekstraraðilum og öllum þeim sem vilja fræðast um þetta efni.*

*Þessi endurbætta útgáfa er eingöngu á heimasíðunni.*

*Borgarnesi í desember 2018*

*Theodóra Þorsteinsdóttir*  
*skólastjóri.*

## Um skólann

Tónlistarskóli Borgarfjarðar tók til starfa haustið 1967. Fyrsta veturinn sem skólinn starfaði stunduðu 39 nemendur nám við skólann og voru kennarar 4 auk skólastjóra. Nemendum hefur fjölgað jafnt og þétt og hafa verið um og yfir 200 nemendur síðustu ár. Tíu kennarar eru fastráðnir við skólann.

Borgarbyggð stendur að rekstri Tónlistarskóla Borgarfjarðar Einnig greiða nemendur skólagjöld.

Fyrsti skólastjóri tónlistarskólans var Jón Þ. Björnsson en núverandi skólastjóri er Theodóra Þorsteinsdóttir.

Starf skólans hefur verið fjölbreytt í gegnum árin. Auk hefðbundinna tónleika og tónfunda skólans koma nemendur fram við ýmis tækifæri, heimsækja aðra skóla og héruð og taka einnig á móti gestum. Starf tónlistarskólans er mikil lyftistöng fyrir menningarlífið í héraðinu.

Hægt er að nálgast upplýsingar um Tónlistarskólann á netinu, á heimasíðu Borgarbyggðar [www.borgarbyggd.is](http://www.borgarbyggd.is). Vefslóð tónlistarskólans er: <https://borgarbyggd.is/thjonusta/menntun/tonlistarskoli-borgarfjardar/>

## Húsnæði

Tónlistarskóli Borgarfjarðar er til húsa að Borgarbraut 23 í Borgarnesi en þar er jafnframt skrifstofa skólans. Jafnframt því eru útibú frá skólanum á Hvanneyri, Kleppjárnsreykjum og Varmalandi.

## Hlutverk og markmið

Í Aðalnámskrá tónlistarskóla segir að tónlistarskólar gegni fjölbreyttu hlutverki í samfélaginu. Þeim ber að stuðla að öfluggu tónlistarlífi jafnframt því að vinna að aukinni hæfni, þekkingu og þroska einstaklinga. Skólum ber að taka tillit til margvíslegra áhugasviða nemenda, getu þeirra og þroska. Kennsluaðferðir og viðfangsefni þeirra þurfa því að vera fjölbreytt og er sveigjanleiki í skólastarfi nauðsynlegur.

Í Aðalnámskrá tónlistarskóla segir m.a.:

„Hlutverk tónlistarskóla er að

- stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist og til að hlusta á tónlist og njóta hennar...
- búa nemendur undir að geta iðkað tónlist upp á eigin spýtur...
- búa nemendur undir nám í tónlist og skyldum greinum á háskólastigi...
- stuðla að auknu tónlistarlífi..."

Í Aðalnámskrá tónlistarskóla segir að meginmarkmiðum tónlistarskóla megi skipta í þrjá flokka:

„Uppeldisleg markmið stuðla meðal annars að auknum tilfinningaþroska nemenda, listrænum þroska, mótun viðhorfa, samvinnu og ögun.

Leikni- og skilningsmarkmið stuðla einkum að aukinni færni og þekkingu nemenda.

Samfélagsleg markmið miðast við fjölbreytt mennta- og menningarhlutverk tónlistarskóla."

## **Innritun og skólagjöld**

*Innritun í Tónlistarskóla Borgarfjarðar fer fram að vori, og eldri nemendur þurfa einnig að tilkynna áframhaldandi nám að vori.*

*Nemendur greiða skólagjöld í samræmi við námshlutfall.*

*Veittur er 25% afsláttur hjá öðru barni og 50% afsláttur hjá þriðja barni í fjölskyldu.*

*Skólaárið skiptist í tvær annir, haust- og vorönn. Í upphafi annar ganga nemendur frá greiðslufyrirkomulagi skólagjalda sinna. Greiðslur skólagjalda fara gagnum nóra-kerfið. Þegar nemandi hefur fengið inngöngu í Tónlistarskólann er litið svo á að hann ætli að stunda nám við skólann a.m.k. til áramóta og ber því að greiða skólagjöld samkvæmt því þótt hann hætti námi fyrr. Vilji nemendur breyta tímafjölda í náminu eða hætta námi eftir haustönn (um áramót) verða þeir að tilkynna það til skólastjóra eigi síðar en 15. desember ár hvert. Að öðrum kosti er litið svo á að námstilhögun sé óbreytt frá haustönn og þ.a.l. skylt að greiða skólagjöld í samræmi við það.*

*Skólinn áskilur sér rétt til að vísa nemendum úr skóla ef skólagjöld eru ógreidd við lok annar.*

## **Námsskipan**

*Kennt er á öll helstu hljóðfæri auk söngs. Einnig er forskóladeild við skólann.*

*Forskólanámið, hljóðfæranámið og söngnámið fer fram í einkatímum og hóptímum. Nemendur í fullu námi fá einkatíma 60 mínútur á viku en nemendur í hálfu námi fá 30 mínútur. Hóptímarnir eru 30-45 mínútur á viku.*

*Samleikur/söngur er veigamikill hluti tónlistarnámsins, en hann er þroskandi, hefur mikið félagslegt gildi, eflir samkennd og tillitssemi og styrkir ábyrgðartilfinningu og sjálfsvitund nemenda.*

*Lengd náms: Námshraða er erfitt að áætla, þar sem hann byggist bæði á ástundun og þroska nemandans.*

*Námsþættir í tónlistarnáminu eru margbreytilegir og verkefnaval mismunandi eftir hljóðfærum. Mikilvægt er að nemendur kynnist fjölbreyttum tónverkum og læri fleiri verk en þeir leika á prófum.*

*Æfingar eru nauðsynlegar í tónlistarnáminu svo og tónstigar, er stuðla að markvissri uppbyggingu hljóðfæra- og söngtækni.*

*Einnig er nauðsynlegt að nemendur fái þjálfun í nótnalestri.*

*Allir nemendur skulu fá tækifæri til ýmisskonar tónsköpunar. Skapandi starf getur t.d. verið flutningur eigin tónsmíða eða spuni út frá gefnu stafi.*

*Mikilvægt er að nemendur fái tækifæri til að leika eftir eyranu, t.d. þekkt lög, en það er mjög þroskandi fyrir tóneyrað.*

*Æskilegt er að nemendur þjálfist í að læra tónlist utanbókar.*

*Hluti af tónlistarnáminu er að koma fram á tónleikum.*

*Tónfræði og tónheyrn eru kennd samhliða hljóðfæranáminu og fer kennslan fram í hljóðfæratímunum fyrir nemendur á fyrstu stigunum, en einnig er boðið upp á sérstaka tónheyrnar- og tónfræðihóptíma.*

*Með tilkomu námskrár í tónfræðigreinum verður kennsla í tónfræði, tónheyrn og tónlistarsögu sameinuð í eina námsgrein, en út er komin námskrá í tónfræðigreinum fyrir grunn- og miðnám.*

**Samskiptabók:** *Nemendur kaupa sér stílabækur sem notast sem samskiptabækur, en í þeim er að finna árangur tímanna og heimaverkefni. Einnig skrifa kennarar hugsanlega heimaverkefnin í kennslubækurnar sjálfar.*

## **Próf og námsmat**

Mat í námi og kennslu er margslungið fyrirbæri sem fæst m.a. með áfangaprófum og öðrum prófum, vetrareinkunn, vinnublöðum og á frammistöðu nemenda á tónleikum.

Mat er nauðsynlegt fyrir nemendur, kennara og aðstandendur nemenda. Þannig fást upplýsingar um frammistöðu nemenda og starfið í skólanum.

Áfangapróf eru tekin að vori og um miðjan vetur. Samkvæmt Aðalnámskrá tónlistarskólanna eru áfangaprófin þrjú, Grunnpróf, Miðpróf og Framhaldspróf. Eru prófin samræmd yfir allt landið. Utanaðkomandi prófdómari er fenginn til að prófdæma áfangaprófin.

Vitnisburður fyrir stigspróf er gefinn í tölum. Í samræmi við Aðalnámskrá er notaður 100 punkta kvarði með lágmarkseinkunn 60 (eða 10,0/6,0) auk skriflegar umsagnar prófdómara.

Vorpróf taka þeir nemendur sem ekki taka stigspróf/áfangapróf. Prófdómari er úr röðum kennara skólans hverju sinni.

Próf í tónfræðigreinum eru þegar nemandi hefur lokið hverjum áfanga (Ópus).

Niðurstöður prófa veita upplýsingar um hvernig til tókst að leysa tiltekin verkefni á ákveðnum tíma. Prófeinkunnir gefa ekki upplýsingar um langtíma framfarir nemenda. Kennarar gefa nemendum hins vegar vetrareinkunn og/eða umsögn fyrir ástundun og árangur.

## **Hljóðfæri og nótnasafn**

Hljóðfærakostur Tónlistarskóla Borgarfjarðar er nokkuð góður. Flest hljóðfærin hefur skólinn fengið að gjöf. Skólinn vill af gefnu tilefni þakka þeim sem lagt hafa hönd á plóg.

Sum hljóðfæri er hægt að leigja hjá skólanum en önnur útvega nemendur sér sjálfir.

**Nemendur sem hafa hljóðfæri frá skólunum bera ábyrgð á þeim meðan þau eru í þeirra vörslu. Verði hljóðfæri fyrir óhappi í vörslu nemanda ber honum að sjá um allan kostnað við viðgerð á því. Nemendur sjá sjálfir um endurnýjun strengja og annara aukahluta fyrir hljóðfærin. Mikilvægt er að fara vel með hljóðfærin og geyma þau ekki úti í bíl að vetri til.**



*Tónlistarskóli Borgarfjarðar á talsvert nótnasafn. Kennarar leggja einnig til mikið af námsefninu. Nauðsynlegt er að nemendur eignist nótnabækur sjálfir og reynt er að komast hjá ljósritun eins og unnt er.*

## **Tónleikar og tónfundir**

*Tónleikar eru u.þ.b. tíu á vetri og eru þeir haldnir í desember og að vori. Tónleikarnir fara fram í Tónlistarskólanum að Borgarbraut 23 og víðs vegar um héraðið. Einnig eru haldnir tónfundir, en þeir fara fram m.a. í Tónlistarskólanum og í grunnskólunum í héraðinu.*

## **Orðsendingar**

*Reglulega sendir skólinn og/eða kennararnir tilkynningar og orðsendingar í tölvupósti til nemenda og foreldra. Erú nemendur og foreldrar hvattir til að kynna sér efni þessara póstsendinga vel, þar sem þetta er helsta samskiptaleið skólans við heimilin. Tilkynningar þessar eru sendar til að minna á m.a. tónleika og prófdaga.*

*Jafnframt er bent á tilkynningatöfluna á ganginum við innganginn í Tónlistarskólanum. Einnig eru foreldrar hvattir til að nýta sér foreldraviðtalsdaga kennara á haustin og fylgjast með samskiptabókum barna sinna.*

## **Foreldraviðtöl**

*Foreldraviðtalsvika er á haustmánuðum, foreldrar mæta í kennslustund með nemandanum í þá viku sem viðtölin eru. Foreldraviðtölin eru ætluð öllum foreldrum/forráðamönnum barna í tónlistarskólanum. Þar geta foreldrar rætt við kennara og fengið upplýsingar um iðni og árangur barna sinna og lagt fram fyrirspurnir. Foreldrum er einnig bent á að hægt er að spyrjast fyrir með tölvupósti varðandi iðni og námsárangur barna sinna. Einnig eru foreldrar alltaf velkomnir í hljóðfæratíma með nemendum.*

## **Nokkrar skólareglur**

1. *Nemendum ber að mæta stundvíslega í allar kennslustundir.*
2. *Forföll þarf að tilkynna með eins miklum fyrirvara og unnt er. Kennara ber ekki að bæta upp forföll nemenda. Þurfi kennari að fella niður tíma ber honum að bæta hann upp nema um veikindi sé að ræða og atvik í skólastarfinu, t.d. tónleika, starfsdaga eða próf.*
3. *Nemendur taka þátt í tónleikahaldi í skólanum og skulu þeir koma fram a.m.k. tvisvar á vetri. Ætlast er til að nemendur komi fram snyrtilega til fara á tónleikum.*
4. *Nemendum er óheimilt að flytja tónlist opinberlega utan skólans nema með vitund og samþykki kennara og skólastjóra.*
5. *Nemendum og kennurum ber að ganga vel og snyrtilega um húsnæði skólans og annað húsnæði sem kennslan fer fram í. Sama gildir um umgengni við hljóðfærin. Nemendur bera ábyrgð á hljóðfærunum meðan þau eru í þeirra vörslu.*
6. *Tónlistarskóli Borgarfjarðar er reyklus skóli. Reykingar eru ekki leyfðar í og við húsnæði skólans og öðru húsnæði sem tónlistarkennslan fer fram í.*